# Á á

Ég á Á, sagði Ása.
Ég á líka á, sagði Kári.
Á ég á? spurði Benni.
Nei, þú átt ekki á.
En þú mátt sjá stafina.
Við skulum gá að staf
sem þú átt.
Já, ég vil fá að gá
að mínum staf,
sagði Benni.




Á – Á – Á
á – á –á
og
á Á
og á Á.
á ekki Á.

og – og – og

ekki – ekki – ekki

Sólin skín.
Solla, Steini og Dísa
fara saman í sund.
Solla er sjö ára.
Steini er sex ára.
Solla og Steini
mega ekki fara
ein í sund.

Dísa er sextán ára.
Hún passar Sollu
og Steina í sundi.
Það er svo gaman í sundi
þegar sólin skín.




# S s




sá – sá – sá

á og
á

sá
sá ekki

og – og – og

ekki – ekki – ekki

Ívar og Sísí eru úti á ís.
Þau eru á skautum.
Sí, sí, ví, ví og bí, bí,
raular Sísí.

Allt í einu sjá Sísí og Ívar
stóran, hvítan ísbjörn.
Ísbjörn, ísbjörn, æpir Ívar.

Drunur heyrast,
þyrla svífur yfir.
Ísbjörninn verður
hræddur og fer.
Sísí og Ívari er
bjargað upp í bíl.







# Í í



Sísí á 
Sísí á ekki 

Sísí sá  í 
Sísí sá  á ís.

Sísí sá 
Sísí sá  og 

ís – ís – ís

Sísí – Sísí – Sísí

Anna á afmæli.
Hún fær stóran apa
í afmælis-gjöf.
Aaaaaa-api! sagði Anna.

Ha? Anna fær líka miða.
A, ha! Leyndarmál!
Nafnið á litla bróður.
Það er bannað
að segja það strax,
sagði mamma.

Hvað á barnið að heita?
Anna hvíslar nafninu
að prestinum.
En presturinn segir það hátt
og Anna fer að gráta.

# A a









á A.
á A.
á a.

og a,
sagði
A, a, a, a,
sagði

sa – sa – sa

sagði – sagði – sagði

Lísa á að fara að sofa.
Á litla lampanum er ljós.
Pabbi og Lísa lesa saman.
Lubbi liggur og lúrir.
Lísa lokar augunum.

Í drauminum lifna allir við
sem hún og pabbi lesa um.
Þarna eru Lína langsokkur,
Dimmalimm og Óli lokbrá.
Í Lestrarlandinu leika
allir sér saman.
Það er gaman að lesa.

# Ll




Lísa á L
og  á L.
Lísa las í 
Lísa las í 

La, lí, lá, las Lísa.
 las ekki,
sagði Lísa.
 las ekki í 

ekki – ekki – ekki

sagði – sagði – sagði

# Óó



Ég er í kór,
ég er í kór,
gólar Ólíló.

Hann rennir sér
á hjóla-bretti
inn í skólann.

Ó, ó, ó, syngur Ólíló,
ég er að leka niður.
Lóa og Óli fara út
með Ólíló.
Nú syngur hann
úti á skóla-lóð.




Lóa sá Ólíló.
Lóa sá ekki Ólíló í sól.
Lóa sá Ólíló á 

Ólíló á ól
og Ólíló á 
La, lí, ló – la, lí, ló,
sagði Ólíló.

Ólíló – Ólíló – Ólíló

Lóa – Lóa – Lóa

# Rr

Rósa og Lára
eignuðust lítinn bróður.
Þær færðu honum rósir.

Á leiðinni heim fóru þær
að hnerra og hósta.
Þið eru komnar með vírus,
sagði amma og gaf þeim ís.

Afi hló og sagði:
Vírusinn rennir sér
niður hálsinn á Rósu.
Nú rífur hann í eyrað á Láru.
Vírusinn er svo mikill grallari.

Ari frændi kom í heimsókn
og Rósa hnerraði á hann.
Ætli vírusinn fari líka í Ara?










sagði – sagði – sagði

og – og – og

Rós, rós, rós.
á rós.
Ó, ó, ó, sagði Lára.
Ó, ó, ó, sagði Rósa.

Rósa lá í
og Lára lá í
Rósa á ís
og Lára á ís.

# Ii



Indriði Óli er inni.
Silli og Iðunn vilja leika úti.
Ári innipúki er inni
í kollinum á Indriða.
Indriði Óli vill ekki vera
inni með innipúkanum.

Innipúki, farðu út úr
kollinum á mér,
sagði Indriði.
Ári flaug upp á hillu.

Silli, ég vil ekki vera inni.
Ég vil leika úti,
sagði Indriði.
Fór Indriði Óli út?




Silli sá Ára.
Silli sá il á Ára.
Sá Silli il á Óla?

Óli sá ekki Ára.
Óli sá ekki il á Ára.
Sá Ári Óla og Silla?

Silli – Silli – Silli

ekki – ekki – ekki

# Ég ég










Ég sá sól, sagði Ása.
Ég sá ekki sól, sagði Lísa.

Ég sá Ára, sagði Silli.
Ég sá ekki Ára, sagði Óli.

Ég sá rós, sagði Lára.
Ég sá ekki rós, sagði Sísí.

Ég sá ís og Ólíló, sagði Sísí.
Ég sá sól og Ólíló, sagði Ása.

Áá – Ss – Íí – Aa – Ll – Óó – Rr – Ii

# Ú ú



Úa er úrill.
Hana dreymdi fúlan úlf.
Ekki vera úrill, sagði mamma.
Ég ætla að baka múffur.
Farðu út í búð til Úrsúlu
og náðu í rúsínur.

Góðan dag, Úa, sagði Úrsúla.
Úrsúla er frá Úganda.
Hvað vilt þú fá?
Rúsínur og súkkulaði, sagði Úa.

Úa hittir Lúlla.
Úa og Lúlli fara í snú-snú.
Úff, ég er svo lúin, sagði Úa.
Þau fara inn og fá
múffur og snúða.
Úti er úrhellisrigning.










Úa lúrir.
Ú, ú, ú, sagði Úa súr.
Ég sá úlf sagði Úa.
Ég sá ekki úlf
sagði mamma.
Ég sá Lúlla, sagði Úa.
Ég sá ekki Lúlla,
sagði, mamma.

ég – ég Lúlli – Lúlli mamma – mamma



Milla málar Móa.
Mói er með munn og augu,
mjóar hendur og mjóa fætur.

Hoppum, segir Mói.
Það er svo gaman.
Litla flugan hún Míamú
vill leika við þau.
Mímí vill líka vera með.
Þau fara í snú-snú.

Mói hoppar svo hátt upp
að hann kemst ekki niður.
En Míamú flýgur upp
með vin-flugum sínum
og þær toga Móa niður.



# Mm






Milla má mála.
Milla málar Móa.
Milla sá Míamú.
Milla málar ekki Míamú.

Milla og Míamú masa.
Milla á Mímí.
Mímí malar.
Mímí masar ekki.

Milla – Milla – Milla

Míamú – Míamú – Míamú

# U u

Ummi álfastrákur fór með
Álu uglu í mannheima.
Þau settu á sig huliðshúfu
til að verða ósýnileg.

Í mannheimum var gaman.
Þar var allt svo undarlegt.
Ummi fór á róluvöll.
Hann fór líka í sund.
Loks settust Ummi
og uglan á gulan dúk.
Enginn sá Umma og Álu.

Dúkurinn fór að hreyfast.
Upp, upp, upp, upp.
Gaman, gaman!
En svo pompaði dúkurinn.
Ummi og Ála flýttu sér
heim í Undraland.




Ummi og Ála sáu rólur.
Ummi rólar í rólu.
Ála rólar í rólu.
Ummi og Ála róla í rólu.

Ummi sá
Ég á ekki sagði Ummi.
Uss, uss, sagði Ála.
Ummi á ekki

Ummi – Ummi – Ummi

uss – uss – uss

# E e

Ella vinnur í búð
sem heitir Esju–búð.
Hún selur epli, egg, te,
ber, perur og kerti.
Elías og Eva koma oft
í Esju–búð

Ebbi eltir Ellu í vinnuna.
Hann fer inn í búðina.
Ebbi stekkur upp á eplin.
Eplin rúlla út um allt.
Ekki, ekki, æpir Ella.
Ella rekur Ebba út.
Mjá, mjá, mjálmar Ebbi.




Ella – Ella – Ella

ekki – ekki – ekki

Selur Ella ís?
sagði Elías.
Ég sel ekki ís,
sagði Ella.

Selur Ella rósir?
sagði Elías.
Ég sel ekki rósir,
sagði Ella.

Valur, amma Vala og Sámur fara oft saman á völlinn.

Einu sinni varð amma Vala viti sínu fjær.
Hún æddi inn á völlinn
og Sámur á eftir henni.
Þetta er ekkert víti!
æpti amma Vala.
Þá skall boltinn á vanga ömmu Völu og dómarinn vísaði henni af vellinum.

Daginn eftir kom mynd í dagblaði af ömmu Völu að verja vítaspyrnu.
Mamma og pabbi veinuðu af hlátri en amma vildi lítið um þetta tala.

# V v




Valur er í Val.
Amma Vala er ekki í Val.
Amma Vala á Sám.
Amma Vala er í

Vá, vá, vá, amma í
sagði Valur.
Vá, vá, ég ver vel,
sagði amma Vala.

Valur –Valur – Valur

amma – amma – amma

# Oo

Ég heiti Ormur eins og afi.
Ormi afa finnst
nafnið okkar fallegt.

Afi sagði mér frá konungi.
Hann átti skip sem hét
Ormurinn langi.
Afi sagði mér líka frá
Ormi sterka.

Einu sinni dreymdi mig
að ég væri Ormur sterki
og sigldi á Orminum langa.
Ég var á leið í orrustu.
Svo vaknaði ég
og var bara Ormur litli.
Mikið var ég feginn.




Í vor las ég
sagði Ormur.
Ég las um
og ég las um
orm í mosa.

Ég las um rosa orm
sem var í mosa.
Ég er ekki ormur,
sagði Ormur.
Ég er Ormur.

ormur – ormur – ormur

mosi – mosi – mosi

# Nn



Í Narfaskóla byrjar
nýr nemandi í 1. N.
Hann heitir Nusan
og er frá Nepal.

Í Nepal er hæsta fjall í heimi.
Þar eru líka fílar
sem spila fótbolta.
Stundum eru þeir
í stuttbuxum,
segir Nusan og hlær.

Allir hlæja með honum.
Krakkarnir og Nusan
ná vel saman
og verða góðir vinir.







Númi – Númi

Nusan – Nusan

Lena – Lena

Númi, Nusan og Lena
eru vinir.
Númi, Nusan og Lena
masa saman.

Í Asíu sá Nusan 
í  númer 99.
Númi, Nusan og Lena
ná vel saman.

# Æ æ



Sæla æðarkolla
horfði alsæl
á sætu ungana sína.
Þeir heita Ævar,
Æsa, Æda og Ægir.

Æ, þeir eru orðnir svo æstir,
hugsaði hún.
Ég ætla að finna æti
handa þeim.

Sæla kallaði á ungana:
Æ, Æ, Æ og Æ!
Á morgun farið þið niður
í flæðarmál og lærið að kafa.
Allir ungar þurfa að læra
að ná sér í æti.




Sæla á Æsu og Ævar.
Ég vil læra að ná í síli,
sagði Æsa.
Ég vil læra að ná í síli,
sagði Ævar.

Sæla nær í síli
og nú læra Ævar og Æsa
að ná í síli.
Sæla, Ævar og Æsa
eru alsæl.

að – að – að

Sæla – Æsa – Ævar

Jói er sjö ára.
Jeminn, hvað hún mamma
getur fjasað í símann.
Hún talar í milljón ár.
Það verða komin jól
þegar hún hættir!

Sjáðu, mamma, það er
dansandi jarðar-ber úti.
Þarna er líka jökull.
Uss, ekki vera kjáni,
sagði mamma.
Jói fór inn til sín.
Hann bjó til færi
úr gömlu jó-jói.
Jói notaði **J** fyrir öngul.




Mamma masar í síma.
Já, já, jú, jú,
sagði mamma.
Jæja, jamm, jú, jú.
Jói er sár.

Æ, mamma, ekki masa núna.
En mamma masar og masar.
Mamma masar í janúar og
í júní og í júlí og um jólin.
Suss, Jói, sagði mamma.

júní – júlí – janúar

júlí – janúar – júní

# Ff

Fía fæst ekki til að lesa.
Hún er fúl og felur sig
inni í fataskáp.
Öll þessi F, frussar Fía.

Fía fer út í fótbolta.
Hún verður furðu lostin.
Allt er horfið nema það
sem hefur stafinn F.
Úti er ekki sól,
ekki tré og ekki gras.

Flónið mitt, segir afi.
Þú þarft ekki alla stafina.
F er feyki nóg.
Sjáðu fjöllin og fossana,
flugur og fiðrildi.
Svo flissa þau bæði.




Fuss, sagði Fía fúl.
Ég vil ekki lesa um F.
Ég vil lesa um sól
og um lóu í móa.
Og ég vil fá ís.

Uss, Fía mín, sagði afi.
F er í foli, f er í fífa
og f er í foss.
Nú fá Fía og afi ís
og Fía er ekki fúl.

Fía – afi fuss – fuss foss – foss




Úú – Mm – Uu – Ee – Vv




Oo – Nn – Ææ – Jj – Ff

# É é

Pétur og Grétar ákveða
að stofna félag.
Leyniorðið er: É É É.

Má ég vera með?
sagði stelpa sem hafði
staðið á bak við tré.
Ég heiti Védís.
Allir með É í nafninu sínu
mega vera í félaginu,
sögðu Pétur og Grétar.

Allt í einu skall á él.
Þau flúðu undir tré.
En svo skein sólin aftur
og Pétur, Grétar og Védís
fóru að byggja hús
fyrir leynifélagið.
Hvert var leyniorðið aftur?




Ég sé  sagði 
Ég sé  í éli.
Ég vil ríma, sagði 
Fé og sé. Sé og fé.

Mér og sér og mús og hús,
sagði 
Vél og él, líma, ríma,
sagði 

él – él – él

ég – ég – ég

Hera er prinsessa.
Hún á heima í höll.
Hún á allt sem
hægt er að kaupa.
Hænur og hana,
hund og hjólaskauta,
hlaupahjól og hringekju.
En hún á enga vini.

Ég vil hætta að vera prinsessa
og eignast vini, hrópaði Hera.
Við viljum líka hætta
að vera kóngur og drottning,
sögðu pabbi og mamma Heru.
Höllinni var breytt í háhýsi.
Húsið fylltist af krökkum
og Hera eignaðist marga vini.




# H h

Hera – hæna – hani

Hera – hani – hæna

Hæ, hæ! Hér er Hera.
Ég á sagði hún.
Ég á hænu og hana
en ég er ekki sæl.
Ég vil fá vini og hús.

Hera fær vini
og Hera fær hús.
Nú er ég alsæl,
sagði Hera.

# Tt

Amma Tótu heitir Telma.
Hún á fallegt timburhús
og garð með túlípönum.
Þegar hún plantar
túlípönum í garðinn
er hún alltaf með tösku.

Eitt sinn kom hvutti í garðinn.
Hann skellti tönnunum
í töskuna og þaut út á götu.
Amma þaut á eftir honum
og æpti: Stopp!
Ekki stoppaði hvutti.
En þegar amma fór að gelta
snarstoppaði hann
og starði á ömmu.

Þá kom Tómas afi upp götuna.
Afi var hissa að heyra í ömmu.
Hann kallaði á hvutta
og leiddi svo ömmu heim.







Tóta er tíu ára.
Telma er amma Tótu
og Tómas er afi Tótu.
Amma Telma er sæt.

nær í Telmu.
Æ, æ, amma Telma er æf.
En Tómas afi róar hana
og færir henni

Telma – Telma – Telma

Tómas – Tómas – Tómas

# Gg

Gógó er leið og grætur.
Gula kisan hennar
er alveg gufuð upp.
Ekki gala og góla,
segir Geiri.
Við göngum út og finnum
gömlu, gulu kisuna.

Geiri og Gógó vega salt
og gúffa í sig gotti
og gulrótum frá langömmu.
Mjá, mjá, mjá, heyrist
úr dótageymslunni.
Gamla, gula kisa fer að mala
þegar hún sér Gógó og Geira.




Gógó – Gógó – Gógó

gaman – gaman – gaman

Gógó á Gosa.
Gosi er gulur.
Gosi, Gosi, galar Gógó.
Hún gólar og galar.

Ekki gala og góla, sagði
Gáum að Gosa úti á róló.
Gógó sá Gosa í
Hér er Gosi, sagði Gógó.
Gaman, gaman!

# Rímum!






# Ð ð




Við, sagði Víðir.
Lið, sagði Iðunn.
Mið, sagði Óðinn.

Víður, sagði Víðir.
Líður, sagði Óðinn.
Síður, sagði Iðunn.

Læða, sagði Iðunn.
Ræða, sagði Óðinn.
Fæða, sagði Víðir.

Múður, sagði Óðinn.
Lúður, sagði Iðunn.
Rúður, sagði Víðir.

Það er öskudagur.
Ömmi á afmæli.
Hann er sjö ára.
Í afmælið koma mörg börn.
Ömmi fær bók um
Ögga geimveru frá Ösp.
Öggi geimvera er grænn
með höfuð sem snýr öfugt.

Nú kemur nýr gestur.
Það er Öggi.
Öhö, segir Öggi.
Er þetta geimverska? spyr Ösp.
Allir gestirnir hlæja.
Mamma reynir að hlæja ekki.
Öggi reynir að hlæja ekki.
Er Öggi alvöru geimvera?
Mamma veit það.
Veist þú það?







Ömmi – Ömmi

Öggi – Öggi

afmæli – afmæli

# Öö








Ömmi á afmæli.
Ömmi er 7 ára.
Ömmi les og les.
Ömmi les um Ögga.

Öggi er í gulum fötum.
Á fötunum eru 6 tölur.
Hér er ég, öhö, sagði Öggi.
Sér Ömmi að Öggi er pabbi? 

# B b

Búi, Bára og pabbi
ætla að fara að veiða.
Mamma ætlar að tína ber.

Þau fara í bát og róa út á vatn.
Þau setja beitu á öngulinn.
Svo kasta þau út línu og bíða.
Allt í einu kippir í hjá Búa.
Hann stendur upp.
Báturinn vaggar.
Búi dettur og fer á bólakaf.
En fiskurinn er enn á önglinum.

Um kvöldið fá þau bleikju
og ber með rjóma.




Búi og Bára fara
í bát út í á.
Bára er með línu
og Búi er líka með línu.
Hann bítur á, galar Búi.

Æ, æ, ég fer út í ána,
galar Búi.
En ég náði honum.
Og ég náði Búa!
sagði pabbi.

Búi – Búi    Bára – Bára    pabbi – pabbi

# Y y



# Ý ý



Afi býr á Mýri.
Þar eru kýr og mýs
og ýmis fleiri dýr.
Afi á flugvél
fyrir sex farþega.
Hann á líka ýtu.
Ég býð ykkur í flug
og sýni ykkur landið,
sagði afi við Yrsu og Ými.

Þau flugu yfir háhýsi,
yfir tún og götur
og meira að segja yfir skýin.
Afi lækkaði flugið.
Nú lendum við á Mýri
og heilsum upp á ömmu.
Hún stendur fyrir framan
bæjardyrnar.




Afi og amma búa á Mýri.
Á Mýri eru kýr og mýs.
Afi á ýtu og
Komum inn í vélina,
sagði afi við Yrsu og Ými.

Yrsa, Ýmir og afi fóru
yfir tún og yfir götur.
Yrsa og Ýmir sáu ömmu
fyrir utan Mýri.

Yrsa – Yrsa – Yrsa

Ýmir – Ýmir – Ýmir

Þura, Þór og Þröstur
voru úti að leika.
Ég er fugl og ég get flogið,
sagði Þröstur.
Ég þýt um á þotu, sagði Þór.
Ég er þyrla, sagði Þura.
Æ, æ, þyrlan og þotan
urðu bensínlaus.

Allt í lagi, ég veit, sagði Þura.
Við notum bara þeytispjöld.
Þau þurfa ekki bensín.
Og þeytispjöldin svifu
hátt upp í bláan himininn.

# Þ þ




Þór – Þór    Þura – Þura    þota – þota

Það var sól úti.
Þura og Þór voru úti á túni.
Þór var með þotu.
Þura var með 

Ég er þota, ekki þú, sagði Þór.
Ég er  ekki þú, sagði Þura.
Þór og Þura þutu um túnið.
Það var gaman.

# K k

Karl og kerling fóru að kýta.
Kötturinn minn kann
að telja, sagði karl.
Kindin mín kann
að raula, sagði kerling.
Dýrin hlustuðu.
Kýrin baulaði.

Getið þið baulað? spurði kýrin.
Nei, sögðu kötturinn og kindin.
Geta karl og kerling baulað?
Nei, sögðu kötturinn og kindin.
Þá er ég klárari en þið öll,
sagði kýrin.

En sú vitleysa, sagði kötturinn.
Já, en sú vitleysa, sagði kindin.
Nú birti yfir kindinni.
Kýrin sjálf er þá mesti kjáninn.




kjáni – kjáni

kisa – kýr

kisa – kýr

Kona býr í koti.
Í kotinu er kisa.
Konan á kú
og konan á líka

Kýrin sagði mu, mu.
Ég er gáfuð en ekki þið.

Kýrin er bara kjáni,
sagði
Ég er ekki kjáni,
sagði kisa.
Og ekki ég, sagði

Dóra fékk galdradúkku
frá ömmu í Danmörku.
Þegar búið var að trekkja
dúkkuna upp deplaði hún
augunum og fór að dansa.

Og allir í kring fóru líka að dansa.
Dóra dansaði og dansaði.
Pabbi dansaði með diskana.
Mamma dansaði með dúkinn.
Afi fór dansandi út í bíl
og amma dansaði
á eftir honum.

Þau gátu ekki hætt að dansa.
Ekki fyrr en mamma
stöðvaði galdra dúkkuna.

Dóra



dans



dúkka – dúkka – dúkka

dansa – dansa – dansa

# Dd



diskar



dúkka



dúkur



Dóra á afmæli.
Dóra fær þá dúkku.
Amma gaf Dóru dúkkuna.
Dúkkan frá ömmu er fín.
Dúkkan er líka sæt.
Dúkkan dansar og dansar.

Dóra dansar og amma og afi
og pabbi og mamma dansa.
Gaman, gaman.
Dóra er sæl með dúkkuna.

# Au au




Í húsi Auðar frænku
er eitt herbergi læst.
Ása leggur augað
á skráargatið.
Herbergið er autt!
Kannski er draugur í því,
hvíslar Ása.
Auðunn er dauðhræddur.

Einu sinni var ég að sauma
og heyrði gaul þarna inni.
Það var eins og garnagaul,
segir Auður frænka lágt.

Kannski er svangur draugur
í herberginu, segir Auðunn.
Ása og Auðunn gefa
draugnum litla baun í ausu.
Borðar draugur baun?

Auðunn og Ása
fóru til Auðar.
Auður býr í rauðu húsi.
Þar er sem er aumur.

Þau Auðunn og Ása
gáfu baun í ausu.
Hann maular baunina.
Nú gaular hann ekki.

Auðunn og Auður    baun – baun    ausa – ausa

# P p

Hvað er í gangi?
spurði pabbi Palla
um leið og hann stakk höfðinu
inn um gættina.
Þetta er páfagaukur,
sagði Palli.
Hvernig komst hann
hingað inn?
Hann bara hoppaði inn
um gluggann, sagði Palli.

Hróp bárust neðan af götunni.
Þeir sáu mann á hlaupum.
Hann hrópaði: Páfi! Páfi!
Ertu að leita að páfagauk?
kallaði pabbi.
Já, svaraði maðurinn feginn.
Hann er hér! sagði pabbi.
Maðurinn kom upp.
Páfi! kallaði hann og
páfagaukurinn flaug
beint til hans.




Palli sá Páfa.
Páfi kom til Palla.
En þá kom Píla.
Píla potar í Páfa.
Píla, ekki pota í Páfa,
sagði Palli.

Páfi, Páfi,
galar maður úti á götu.
Páfi er hér,
galar pabbi Palla á móti.
Pabbi lætur manninn fá Páfa.
Páfi er gæfur.

Palli – Palli    Píla – Píla    Páfi – Páfi

# Ei ei

# Ey ey

Einu sinni fóru
Einar og Eyrún
á fleka út í eyju.
Nú erum við ein
á eyðieyju, sagði Einar.
Ég veit, sagði Eyrún.
Skoðum eyðibýlið.

Allt í einu heyrðu þau vein.
Þetta er vofa,
sagði Eyrún smeyk.
En þetta var ekki vofa
heldur veikur maður.
Hjálp, ég dey, veinaði hann.

Þá heyrðu þau hróp og köll.
Hjálparsveit var á leiðinni
og þau komust öll
heil á húfi heim.




Æ, þetta er vofa, sagði Einar.
Nei, þetta er veikur maður,
sagði Eyrún.

Ég dey, ég dey,
sagði veiki maðurinn.
Nei, nei, nú förum við
með bát heim, sagði Einar.

Einar og Eyrún
róa út í eyju.
Þau heyra vein.

Einar – Eyrún   heyra – heyra   vein – vein

# X x



Axel og Aldís léku sér í fjörunni.

**Aldís:** Axel, komum í keppni.
**Axel:** Keppni?
**Aldís:** Já, þú telur upp að tíu og
á meðan finn ég orð með X.
**Axel:** Viðbúin, byrja!
Hvað fannst þú mörg orð?
**Aldís:** Ég fann fax og vax
og strax og sax og box.
Æ, nú man ég ekki meira.
**Axel:** Nú má ég.
**Aldís:** Byrja! Hvaða orð fannst þú?
**Axel:** Lax og Mexíkó, sex,
kex, buxur, öxl og svo
auðvitað Axel.
**Aldís:** Svindl! Þú mátt ekki nefna
sjálfan þig.
**Axel:** He, he, ekki vera fúl!
Nú skulum við búa til
sex sögur með X-orðum.
Þú mátt byrja.








Axel sagði:
Lax, lax, lax.
Lax með fax og vax
fer í boxi
til Mexíkó.

Aldís sagði:
Axel fer í buxum
til Mexíkó
með sax og box
að veiða lax með öxi.

Axel – Axel    Aldís – Aldís    Mexíkó – Mexíkó




Nú er gaman.
Það er hátíð í Lestrarlandi.
Við skoðum stafi og orð.
Viltu koma með?



Amma!
Ég er búinn með
bókina. Ég er búinn að
læra alla stafina.

Má ég sjá bókina,
Kári minn?
Mikið er þetta
falleg bók.





Sjáðu þessa bók.
Ég lærði að
lesa í henni.



Öö – Bb – Yy – Ýý – Þþ – Kk



Þetta er
líka fín bók,
amma.



GAGN OG GAMAN — RÍKISÚTGÁFA

X **Sjaldséðir gestir.** Z

X og Z eru hjón,
óttalega mikil flón.
Z segir eins og S.
Alla kveður hún með bless.
Hún er kát við karlinn sinn,
kyssir hann á nefbroddinn.
Karlinn X er hýr og hress,
hermir eftir g og s.
Þau eru fín og segja satt
með silkihúfu og pípuhatt.

60

Kennið X, Z.

Amma, en
fyndin vísan
í bókinni þinni.





Já, Kári minn.
Það er svo gaman
að lesa bækur.

Dd– Au au – Pp –Ei ei – Ey ey – Xx